



# Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

1. tbl. 1. árg.

## Fyrsta fréttablað S.Í.

Oft hefur sú ósk komið fram á aðalfundum Skógræktarfélags Íslands, að félagið stæði að útgáfu fréttabréfs, en ekki orðið af því fyrr en nú. „Laufblaðinu“ er ætlað að vera vettvangur aðildarfélaganna um hvaðeina er snertir starfið og sömuleiðis að vera tengiliður þeirra á milli. Þar verður jafnframt komið á framfæri upplýsingum og fræðslu eftir því sem tæk eru á. Fréttabréfið verður sent til allra félagsmanna og auk þess verður það sent stofnunum og öðrum félagsamtökum sem starfa á sama grundvelli og skógræktarfélagin. „Laufblaðið“ verður gefið út í 7000 eintökum og á að koma út tvisvar á ári. Allar ábendingar frá félagsmönnum um tilhögun eru vel þegnar.

Það er von stjórnar Skógræktarfélags Íslands að útgáfunni verði vel tekið og að félagsmenn megi hafa af henni bæði gagn og gaman.

„Laufblaðinu“ fylgja bestu óskir frá stjórn Skógræktarfélags Íslands.

*Hulda Valtýsdóttir, formaður.*

## RÁÐSTEFNA UM GRÓÐURVERND

Laugardaginn 21. mars verður haldin á Húsavík ráðstefna um gróðurvernd á vegum samtakanna „Húsgull“, sem eru íbúasamtök á Húsavík með gróður-vernd að markmiði.

Ráðstefnan, sem ber yfirskriftina „Verndun og endurheimt landkosta“, verður haldin á Hótel Húsavík. Með henni er ætlunin að kynna nýjar hugmyndir um verndun og endurheimt landkosta. Ráðstefnan mun standa frá kl. 09:30 til 17:30. Forseti Íslands flytur ávarp, en að því loknu verða flutt fjölmörg erindi varðandi þessi mál. Má geta þess að bæði umhverfis- og landbúnaðarráðherra munu flytja þar erindi um ný viðhorf og stefnu stjórnvalda í gróðurvernd.

Ráðstefnan er öllum opin og eru allir áhugamenn um þessi mál hvattir til að mæta.

Allar nánari upplýsingar veita Sigurjón Benediktsson, vinnusími: 96-41245, heimasími: 96-41504 og Árni Sigurbjarnarson, vinnusími: 96-41560, heimasími: 96-41741.



*Trjáskúlptúr*

**Við-  
tak-  
andi  
er:**

## Yrkja

Fyrsta úthlutun Yrkjusjóðs til grunnskóla verður á þessu ári. Sjóðurinn hefur að markmiði að kosta trjáplöntun íslenskra skólabarna á grunnskólastigi. Tílefni að stofnun sjóðsins var 60 ára afmæli forseta Íslands, Vígðísar Finnbogadóttur.

Bókaútgáfan Iðunn stóð fyrir útgáfu afmælisritsins Yrkju en ágóði af sölu bókarinnar er jafnframt stofnfé sjóðsins, tæpar 30 milljónir.

## 1 milljón plantna frá S.R.

Skógrækt ríkisins mun í ár gefa eina milljón plantna í Landgræðsluskógaátakið. Stofnunin er einn samvinnuaðilanna að verkefninu. Ástæðan fyrir því að þessi leið er farin núna er að menn sáu fram á að ekki væri hægt að sækja fjármagn til almennings ár eftir ár. Þeim hjá Skógrækt ríkisins fannst súrt í broti ef átak sem þetta legðist af. Þvert á móti væri full ástæða til að halda áfram á þeirri braut sem þar er mörkuð, að rækta upp nýjan skóg á gróðurvana landi.

Hjá Skógrækt ríkisins eru menn núna í fullum gangi við að undirbúa það að geta afgreitt plöntur fyrir verkefnið.

# Stuttar fréttir frá félögum

Skógræktarfélag Akraness

## 50 ára

Akranesbær og Skógræktarfélagið verða bæði 50 ára í ár og í tilefni þess er stefnt að því að gera stóráttak í gróðursetningu á svæði félagsins inn við Akrafjall. Gamla skógræktin, þar sem fyrst var plantað fyrir 48 árum, er nú orðin að fallegum garði með stígum og tjörnum og mjög eftirsótt af bæjarbúum. Í ár stendur einnig til að setja upp lýsingu í honum í samvinnu við Rafmagnsveituna. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, sem félagið bauðst til að halda, verður svo í ágústlok. Það er því að mörgu að hyggja á árinu.

Skógræktarfélag Eyrarsveitar

## 1987

Árið 1987 komu saman nokkrir áhugamenn sem vildu láta reyna á hvort einhver tré þrifust á víðavangi hér í sveit. Félagatalan komst fljótlega hátt í 40 og hefur haldist nokkuð stöðug síðan. Fyrsta vorið, 1987, var gróðursett í grösugt svæði ofan við kauptúnið Grundarfjörð. Sitkagreni, sitkabastarður, blágreni og birki hafa vaxið vel og eru afföll lítil sem engin. Í tilefni Landgræðsluáttaks 1990 voru settar niður 8000 plöntur, en það hafðist aðeins vegna þátttöku fólks úr hinum ýmsu félögum. Þeir áhugasömustu héldu áfram vorið eftir og sinnu sínum afmörkuðu svæðum og bættu við plöntum. Er skemmst frá því að segja að haustið 1991 skoðuðu skógræktarmenn svæðið og lýstu yfir að við mættum vera ánægð með árangurinn. Hann væri yfir meðallagi. Því geta upphafsmennirnir frá 1987 verið ánægðir með árangurinn af stofnun félagsins.

Skógræktarfélag Borgarfjarðar eystra

## Við Álfaborgina

Landið sem félagið hefur til umráða er 2 ha spilda í fólkvanginum innan við Álfaborg. Ástæðan fyrir því að þetta land var valið til skógræktar er sú að það er girt og er nálægt þorpinu. Þannig var ætlað að auðveldara yrði að virkja áhugafólk auk þess sem áform eru um það í skógræktarfélaginu að byggja þarna upp e.k. skríðgarð eða útivistarsvæði.

Í fyrra tók félagið upp á því að veita viðurkenningar fyrir fallegasta garðinn í þorpinu og snyrtilegasta sveitabýlið, því verður væntanlega haldið áfram í sumar auk þess sem unnið verður að jarðabótum og gróðursetningu við Álfaborgina.

Skógræktarfélagið Limgarður

## Porpið skógi klætt

Skógræktarfélagið Limgarður á Tálknafirði er ungt félag. 1991 voru gróðursettar tíu þúsund trjáplöntur af ýmsum stærðum og tegundum á nokkrum stöðum innan marka þorpsins, því ekki var ætlunin að setja allan þennan fjölda í skógræktargirðingu, sem hér er til frá gamalli tíð og reyndar fullnýtt eða því sem næst.

Til viðbótar félagsmönnum fengum við fimm Norðmenn, þrjá karla og tvær konur, sem voru í hópi norskra lýðháskólanema og kennara, sem komu til Íslands í maí 1991 þeirra erinda að aðstoða okkur Íslendinga við að klæða land okkar skógi.

Skógræktarfélag Bolungarvíkur

## Lúpínubreiður

Lúpínufræ var sett niður í gróðurvana svæði ofarlega í brekkunum undir fjallið Traðarhyrnu, sem er upp af bænum að vestanverðu. Við erum byrjuð að planta birki í sama svæði og er það von okkar hér í Bolungarvík að á komandi árum munum við sjá lúpínubreiður hér í hliðunum og að birkið komist á legg og gleðji okkur. Enginn almenningsgarður er í Bolungarvík, en ákveðið hefur verið að á þessu ári verði byrjað að skipuleggja almenningsgarð og kemur lóðin við hliðina á félagsheimilinu helst til greina.

Skógræktarfélagið Björk

## Útivistarsvæði

Lokið verður við frágang á girðingu utan um land félagsins, Barmahlíð, sem er 70 hektarar. Í bígerð er að koma upp innan girðingar kofa með salernisaðstöðu, en fyrst verður unnið að stígagerð. Aukist hefur mjög að land félagsins sé notað sem útivistarsvæði. Þar er mikið fuglalíf, í vetur hefur t.d. verið þar hópur auðnutitlinga. Áhugi er fyrir að opna það enn meir til útivistar og jafnvel koma þar upp tjaldsvæði.

Skógræktarfélag Ólafsvíkur

## Garðbylting

Auk þess að gróðursetja nokkurt magn af skógarplöntum flest vor í landi félagsins þá höfum við í skógræktarfélaginu haft tré og runna auk sumarblóma til sölu hér á staðnum fyrir bæjarbúa. Segja má að hér hafi orðið bylting í gördum bæjarbúa eftir að félagið tók til starfa.

Von er á erlendu fólki til starfa í hálfan mánuð nú í vor að tilstuðlan Skógræktarfélags Íslands, nóg eru verkefnin, svo sem klipping o.fl.

Fyrirhugað er að garðyrkjumaður verði hér í 2-3 daga í vor til að leiðbeina fólki með hin ýmsu vandamál, svo sem val á trjategundum, skipulagningu o.fl.

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar

## Nýtt félag

Á síðasta aðalfundi var ákveðið að félagið segði sig úr Skógræktarfélagi Kjörsarsýslu og yrði beinn aðili að Skógræktarfélagi Íslands.

Athafnasvæði félagsins eru í Lágafelli, Hamrahlíð og Þormóðsdal. Í vor er fyrirhugað að gróðursetja í þá tvo síðastnefndu, svo og í bæjarlandið, og jafnframt verður unnið áfram í uppeldisreit félagsins.


Skógræktarfélag Reyðarfjarðar

## Á þrennum vígstöðvum

Síðastliðin 2 ár hefur starfsemi Skógræktarfélags Reyðarfjarðar verið bundin við Landgræðsluáttakið, og nú hefur verið gróðursett í 30 ha af gróðursnauðu landi, sem áður fyrr var skógi vaxið. Þar að auki hefur verið gróðursett í vel gróið land í Kollaleiruhálsi norðan við byggðina, en þar var byrjað á skógrækt fyrir 8 árum. Einnig hefur verið gróðursett á auðum svæðum í bænum, og má því segja að unnið sé á þrennum vígstöðvum.

Við teljum að meira þurfi að sinna skógræktarrannsóknum við sjávarsíðuna en gert hefur verið og viljum varpa fram þeirri hugmynd að þar verði tilraunareitir á nokkrum stöðum, og rannsakað hvaða tegundir og kvæmi henti best við strendur landsins.

# Skógræktarfélagin eru dreifð um allt land:



## Stofnanir og samtök

Stofnunum og samtökum, sem vinna að skógrækt eða landgræðslu er oft og tíðum ruglað saman eða þær lagðar að jöfnu. Til að lesendur geri sér betur grein fyrir stöðu þessara stofnana er hér stutt samantekt til að ráða bót á þeirri algengu vanþekkingu:

### Skógræktarfélag Íslands

Stofnað á Alþingishátíðinni á Þingvöllum 1930. Er samband skógræktarféлага í landinu. Aðildarfélag S.Í. eru sjálfstæð félag með eigin stjórn og senda fulltrúa sinn á aðalfund S.Í. sem haldinn er einu sinni á ári. Félagin eru nú 46 talsins með rúmlega 6000 félagsmenn.

Helstu markmið eru að:

- efla skógræktarfélagin
- stuðla að gróðurvernd og landgræðslu

- veita fræðslu um skógrækt og trjárækt.

Stjórnin er skipuð sjö mönnum, formaður er Hulda Valtýsdóttir blaðamaður.

### Landgræðslusjóður

Stofnaður á Lýðveldishátíðinni á Þingvöllum 1944. Til hans var stofnað með frjálsum framlögum og gjöfum að forgöngu Skógræktarfélags Íslands.

Markmið hans er:

- landgræðsla og gróðurvernd
- að klæða landið skógi.

Frá því 1974 hefur Landgræðslusjóður haft til sölu jólatré bæði innflutt og íslensk og hefur salan verið aðaltekjulind sjóðsins síðari ár. Formaður stjórnar sjóðsins, sem skipuð er stjórn Skógræktarfélags Íslands auk skógræktar- og landgræðslustjóra, er Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitekt.

### Skógrækt ríkisins

Ríkisstofnun sem komið var á fót samkvæmt lögum árið 1907. Helstu markmið eru:

- að vernda skóg
- að rækta nýja skóga
- að leiðbeina um meðferð skóga
- gerð ræktunaráætlana.

Skógrækt ríkisins er deildaskipt og hefur hún aðsetur á nokkrum stöðum á landinu. Aðalskrifstofa S.r. er nú á Egilsstöðum. Skógræktarstjóri er Jón Loftsson.

### Landgræðsla ríkisins

Ríkisstofnun sem komið var á fót samkvæmt lögum árið 1907. Hét áður „Sandgræðsla Íslands“ en nafninu var breytt með lögum árið 1965. Helstu markmið eru:

- hefting sandfoks
- uppgæðsla
- skipulag og stjórnun búfjárbeitar
- eftirlit með meðferð gróðurs.

Landgræðslan hefur landgræðsluverði á nokkrum stöðum á landinu en þeir hafa umsjón með girðingum Landgræðslunnar.

Landgræðslan rekur fræverkunarstöð í Gunnarsholti en þar eru einnig höfuðstöðvar hennar.

Landgræðslustjóri er Sveinn Runólfsson.

## Til varnar grasi

Skógræktarfélag Skilmannahrepps er lítið félag sem var stofnað í desember 1939 þegar dagur ársins var einna stystur. Þá gengu menn á milli bæja og stofnuðu félag til eflingar skógrækt. Við erum langt utan þeirra svæða er talin hafa verið vænleg til trjáræktar. Nú, en trén hafa potast upp þrátt fyrir það, nema skógarfuran er horfin. 4-5 ára beðplöntur reynast að jafnaði best. Eitt sem hefur komið vel út til varnar grasi í ein 2 ár eftir gróðursetningu er að fara fyrir plöntun eina ferð með tættara á landið en hafa ótætt á milli raða, þá mynda grasrastir skjól.

## Sjálfssávar birkiplöntur

Á síðasta vori tókum við á móti nokkrum lýðháskólanemum frá Norðurlöndunum og unnu þeir meðal annars við gróðursetningu í Eyjólfsstaðaskógi.

Gerð var tilraun með að flytja sjálfssávar birkiplöntur úr jaðri Hallormsstaðaskógar með leyfi og aðstoð skógarvarðar. Félagar úr skógræktarfélaginu tóku þátt í þessu. Plönturnar voru 40 til 90 cm háar og voru helst til þroskaðar. Stungnar voru upp 5 til 7 hundruð plöntur og verður fróðlegt að fylgjast með vexti þeirra í nýjum heimkynnum. Við vonumst til að framhald geti orðið á þessu svo fremi árangur verði viðunandi.

## Tilraunir

Síðustu tvo áratugin hafa áhugi á skógrækt verið að glæðast á ný, t.d. var skógræktargirðingin Akurgerði, í landi Skinnastaðar, stækkuð um 10 ha árið 1980, en þar hefur gróðursetning skilað mjög góðum árangri og vöxtur trjáanna verið með því besta sem gerist á landinu. Fólkinu sem þar átti hlut að máli og neitaði að gefast upp þótt á móti blési, verður því seint fullþakkað.

Í Kelduhverfi og Öxarfirði er einn samfelldasti og víðfeðmasti birkiskógur landsins, u.þ.b. 12.000 ha og er hann því tæplega 10% af flatarmáli allra birkiskóga í landinu.

Þótt aðstæður til skógræktar í Kelduhverfi og Öxarfirði virðist álitlegar, þá eiga tré og runnar víða erfitt uppdráttar, einkum við ströndina. Það verður því eitt af aðalverkefnum okkar á næstu árum að leita skipulega að tegundum og kvæmum sem þrífast við þessar ólíku aðstæður. Þegar við fréttum af því í fyrra að fara ætti út í tilraun á Norðurlandi með efnivið, sem safnað var í Alaska 1985, þá buðum við fram land og aðstoð við tilraunina. S.l. haust kom Ólafur Njálsson norður á Kópasker með fyrstu plönturnar, og voru þær settar niður undir hans stjórn. Fagrað Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins hefur einnig svarað jákvætt beiðni okkar um tilraunir með trjáplöntur og verður væntanlega hafist handa með þær í vor, auk þess að gróðursetja meiri efnivið frá Alaska.

Í tengslum við skógræktarátakið hefur Skógræktarfélag N.-Þing. beitt sér fyrir að auka ræktun á víði með græðlingum og einnig fyrir söfnun birkifræs og sáningu þess. Síðast en ekki síst verður hafist handa í sumar, í tilefni af 40 ára afmæli félagsins, að gera göngustíga í Akurgerði, með það fyrir augum að gera skógræktargirðinguna aðgengilegri til útivistar.

## Birkifræ blandað vikri

Í sumar ætlum við okkur að gróðursetja 150 þúsund plöntur. Við höfum óskað eftir að fá 20 menn til liðs við okkur, úr hópi fólks frá öðrum Norðurlöndum, sem kemur væntanlega til landsins til þess að hjálpa til við skóggæðslu.

Birkifræi var sáð í haust með því að blanda því saman við vikur og dreifa því svo með kastdreifara. Sáningin náði yfir ca 75 ha svæði í landgræðsluskólagirðingunum.

Félagaskráin hefur nýlega verið færð inn í tölvu og var hún látin prenta út gíróseðla með félagsgjöldum. Þeir sem ekki hafa greitt nú þegar eru vinsamlega beðnir um að gera það sem fyrst.

## Alfriðað land

Félagið markaði þá stefnu strax frá byrjun að planta sem næst byggðinni. Þá hefur félagið einnig keypt talsvert af stærri trjám, einkum ösp og reyni, og komið fyrir á stöðum þar sem þau njóta sín vel en þessar tegundir vaxa báðar vel í Fáskrúðsfirði. Félagið áætla gróðursetningu á tugþúsundum plantna á næstu árum í land sem er alfriðað fyrir. Það má því með sannri segja að stórhugur sé í félagsmönnum og ekkert vol eða víl þrátt fyrir tímabundinn barlóm í þjóðfélaginu almennt.

## Vantar snjó

Verkefni sem eru í undirbúningi eru: í fyrsta lagi að græða upp Hólasand með hverjum þeim ráðum sem helst mega duga. Þar er lúpínin talin einn vænsti kosturinn. En draumurinn er að fá sem allra flesta til að taka þátt í verkefninu. Og annað átaksverkefni er friðun á Kinnarfelli en það er Skógræktarfélag Ljósveitinga sem þar er í fararbroddi.

Helsta áhyggjuefni okkar núna er að snjóinn vantar til að skýla plöntunum og safna raka til að mæta vorþurrkunum.

## Stígagerð

Síðastliðið sumar og árið áður varð breyting á starfsemi Skógræktarfélags Siglufjarðar, því þá var áhersla lögð á vega- og stígagerð. Það hefur líka sýnt sig að strax og búíð var að gera veg að skógræktarlandinu fór fólk að streyma þangað. Trén í elsta hlutanum, sem gróðursett voru fyrir um 40 árum, eru 7 til 8 metra há þau hæstu. Á með litlum fossi rennur í gegnum landið og hefur verið gerð brú yfir hana.

## Slagur hjá unglingunum

Vinnuskólinn á staðnum sá um að planta 1000 plöntum í tengslum við átakið og skammtilegt að fréttu um það að slagur var hjá unglingunum að fá að vera með í því. Það ætti að beita meiri áróðri í skólunum og helst að fá þá til að taka það upp sem fastan lið hjá sér að taka að sér gróðursetningu og umhirðu á vorin. Allir tala menn á hátíðarstundum og fyrir kosningar um ræktun og landvernd. Það verður að taka þessa menn á orðinu og láta þá fylgja stefnu sinni eftir.

## 25 þús. plöntur

Síðustu árin hefur einkum verið gróðursett í reitinn í Hermannastekkuum við Djúpavog og mun láta nærri að þar hafi verið settar niður um 25 þús. plöntur vorin 1990 og 1991.

Næsta verkefni okkar er að girða nýtt svæði og er þá gert ráð fyrir að halda lengra inn í Hamarsfjörðinn og girða af brekkurnar vestan við Búlandsnesgirðinguna.





Starfsfólk Skógræktarfélag Íslands. Talið frá vinstri: Brynjólfur Jónsson skógræðingur og framkvæmdastjóri S.Í., Jón Geir Pétursson líffræðingur og Stephanie Scobie skrifstofustjóri.

## UMHVERFISRÁÐSTEFNA

Dagana 1.-12. júní verður ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun (The United Nations conference on environment and development) haldin í Rio de Janeiro í Brasilíu. Mörg mál verða til umfjöllunar, enda málefnið umfangsmikið. Meðal annars á að vinna að sameiginlegri ályktun allra aðildarríkjanna um það hvað þjóðir heimsins þurfi að gera til að tryggja lífsskilyrði á jörðinni á 21. öldinni. Er gert ráð fyrir að ríkisstjórnir undirriti sáttmála sem nefnist Agenda 21 en þar verður gerð grein fyrir þeim ráðstöfunum sem grípa þarf til í umhverfismálum.

## Útgáfumál S.Í.

### Skógræktarbókin

Nú hafa selst um 3500 eintök af bókinni, sem S.Í. gaf út 1990. Bókin er vönduð og efnisval fjölbreytt. Fullyrða má að þar finni allir skógræktarmenn eitthvað við sitt hæfi.

Þeir sem hafa áhuga á að eignast eintak hafi samband við skrifstofu S.Í., s. 91-18150.

### Skógræktarritið (Ársritið) 1991

Það kom út í desember sl. en gert er ráð fyrir því að næsta rit komi út í lok maí n.k.

*Sérstök áskriftasöfnun stendur nú yfir og er markmiðið að ná eitt þúsund nýjum lesendum fyrir vorið.*

### Höfund- og efnisskrá Ársrits S.Í. 1930-1990

Síðastliðið sumar var unnið að henni. Nýlega er búið að prenta skrána í kljuformi. Skráin er hið mesta þarfapungur fyrir eigendur Ársritsins og fæst hún á skrifstofu S.Í. og kostar kr. 500.-

Með kveðju frá Margréti í Dalsmynni, formanni Skógræktarfélag Heiðsynninga, í tilefni *Laufblaðsins*.

*Stærðar tré með stofni vænum,  
stendur djúpt í kaldri jörð.  
Laufblað svífur létt í blænum,  
lífinu flytur þakkargjörð.*

*Ýmsan fróðleik er að bjóða,  
eflir og styrkir þjóðarsátt,  
segir okkur sögu hljóða  
um sannan lífsins undramátt.*

*Ef éljagrímur gramur syngur,  
geysist yfir laut og hól.  
Laufblað gleður græna fingur,  
gefur nýju lífi skjól.*

## SÖFNUN OG SÁNING LÚPÍNUFRÆS

Auðvelt er fyrir almenning að safna og dreifa lúpínufræi til að græða upp flög og mela. Hér er bent á auðvelda, en árangursríka aðferð sem hægt er að nota án nokkurs tilkostnaðar. Aðeins er nauðsynlegt að til staðar séu lúpínuplöntur sem þroska fræ.

Lúpínan þroskar fræ sitt að hausti, oft í ágúst og er þá hægt að safna fræi. Það þarf að gerast áður en fræbelgirnir opnast. Aðferðin við fræsöfnunina er sú að stönglarnir eru brotnir í sundur ca handarbreidd fyrir neðan fræbelgina, sem innihalda fræin. Best er að safna saman nokkrum stönglum í poka, t.d. gamla áburðarpoka. Þegar búið er að safna stönglum með fræbelgjum saman í pokann, þarf að blanda saman við þá jarðvegi sem tekinn er næst lúpínuplöntunni. Það er nauðsynlegt til að tryggja það að rótarhnyðisbakteríur bindist lúpínunni, en þær gæða hana eiginleikanum að vinna köfnunarefni úr andrúmsloftinu. Án þeirra getur lúpínan ekki lifað.

Þegar búið er að blanda saman fræbelgjum og jarðvegi í poka, þá er hægt að dreifa innihaldinu á þann stað sem hugsaður hefur verið til uppgræðslu. Það er best að gera sem fyrst eftir söfnunina, til að tryggja það að fræið mygli ekki. Lúpínan ber síðan fræ strax á þriðja ári og sáir sér sjálf eftir það.

## ÁRSKÓGAR

### Afmælisrit Skógræktarfélag Árnesinga 1940-1990

Athygli skógræktarfólks um allt land er vakin á ritinu ÁRSKÓGUM sem kom út á 50 ára afmæli Skógræktarfélag Árnesinga 2. nóv. 1990.

Í bókinni, sem tekin er saman af Páli Lýðssyni bónda í Litlu-Sandvík, er aðdragandi að stofnun félagsins rakinn og síðan saga félagsins í 50 ár. Fjölmargir einstaklingar eru leiddir fram á söguviðið til að segja frá minnisstæðum atburðum. Margar myndir eru í bókinni af fólki sem kemur við sögu og skógræktarsvæðum í flestum hreppum Árnessýslu. Bókin er prentuð á góðan pappír og litmyndir setja fallegan svip á bókina.

Að margra dómi hefur hér vel til tekist.

Þeir sem hafa áhuga á að eignast þessa ódýru og greinargóðu bók geta snúið sér til framkvæmdastjóra félagsins, Böðvars Guðmundssonar skógarvarðar: Heimasími 98-21798, vinnusími 98-22010, eða formanns félagsins, Kjartans Ólafssonar: Heimasími 98-22250, vinnusími 98-21611.

Ath. Upplag ritsins var ekki stórt.

# Stuttar fréttir frá félögum

Skógræktarfélag Stykkishólms

## Veginn við kolagerð

Síðasta sumar var lokið við 50 hektara girðingu í landi Drápuhlíðar í Helgafellssveit. Á þessu svæði var hinn forni Selskógur. Í Eyrbyggju segir frá því að menn Snorra goða hafi vegið Vigfús bónda í Drápuhlíð þar sem hann var við kolagerð. Eitthvað hefur því verið þarna af skógi.

Skógræktarfélagið fékk stuðning frá fyrirtækjum og Landvernd til að girða svæðið. Vert er að þakka Landvernd sérstaklega fyrir stuðninginn. 1990 voru settar niður á svæðið um 15 þúsund plöntur, aðallega birki og einnig lerki, stafafura, sitkagreni og blágreni. Og í fyrirasumar var sett niður heldur meira magn. Sumt af lerkinu var þá sett niður í algjörlega ógróðið land, hallandi mel. Grafnar voru holur og settur skítur í og ný mold, sáð grasfræi og áburði yfir til að tryggja festu. Ofar á þessu svæði, uppi við vatnið var fyrst gróðursett 1956, birki, lerki, stafafura, sitkagreni og bergfura. Þessi tré eru komin vel á veg, en gamla girðingin var orðin ónýtt, svo fé hafði gengið á svæðinu. Það er athyglisvert að kindurnar kláruðu svo til allt lerkið, nöguðu niður allt að þriggja metra há tré, en létu sitkagrenið og furuna alveg eiga sig. Skógræktarfélagið er með fjögur önnur afgirt svæði misjafnlega langt á veg komin. Í sumar verður Setbergssvæðið í Sauraskógi grísjað til að hefta útbreiðslu sitkalúsarinnar, í því skyni verður annað hvert tré tekið, því skógurinn er of þéttur.

Skógræktarfélag Skagastrandar

## Skjólbelti

Nú er verið að undirbúa stórt átak í að koma upp skjólbelti fyrir land félagsins. Ætlunin er að skjólbeltið verði 500 metra langt og 4 - 5 metra breitt og notaður verður í það víðir og birki innanum. Þannig má brjóta vindinn og skapa vaxtarskilyrði fyrir aðrar og viðkvæmari plöntur. Í þetta er bæði hentugt og kostnaðarlaust að nota afklippur af víðinum sem fellur til í miklu magni. Brekkuvíðirinn er mjög harðgerður og því gott að nota hann.

Átaksverkefnið er í sér girðingu uppi við fjall og hefur vinnuskólinn séð þar um bróðurpartinn af vinnunni og unglíngarnir haft gaman af.

Skógræktarfélag Reykjavíkur

## Unglingar gróðursetja 560 þús. plöntur

Á sumrin hefur verið fyrirferðarmest að sjá um sumarvinnu skólafólks, sem Skógræktarfélagið hefur séð um fyrir borgina. Hún hefur verið starfrækt síðan 1979. Umfang hennar hefur ráðist af því hvernig atvinnuástand í borginni hefur verið hverju sinni. Í fyrra störfuðu 460 unglíngar sem gróðursettu 560 þúsund plöntur, mest í Hólmsheiði.

Í Fellsmörk er gríðarstórt land sem Skógræktarfélagið leigir af ríkinu. Skikum hefur verið deilt út til 60 félagsmanna sem hver er með rúman hektara og er pláss fyrir fleiri. Þeir taka að sér landið þannig að þeir skuldbinda sig til að rækta það upp. Þeir hafa til þess 25 ár, en þá eiga þeir að skila því fullplöntuðu.

Félagsmaður sem tekur að sér slíkt svæði borgar ákveðna leigu á ári, innifalið í henni eru 450 plöntur sem þeir verða að planta. Inni í leigunni er einnig viðhald á girðingum og vegum á svæðið sem félagið annast.

Hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur starfa að jafnaði 20 manns yfir veturinn og 95 manns á sumrin. Myndin er af

6 Auði Oddgeirsdóttur og Steinari

Skógræktarfélag Dalasýslu

## Viðhald girðinga

Á síðasta ári var leitað til sveitarfélaga og fyrirtækja um fjárstuðning til endurnýjunar og viðhalds girðingu félagsins í sumar og verður fenginn maður gegn greiðslu í það verkefni. Þeir félagsmenn sem hafa áhuga á að fá plöntur á vegum félagsins í vor eru beðnir að hafa samband við stjórna.

Skógræktarfélag Garðabæjar

## 3 ár

Skógræktarfélag Garðabæjar hefur nú starfað í 3 ár. Athafnasvæði félagsins er í Smalaholti, en nú er svo komið að það er að verða fullplantað. Nýtt skógræktarsvæði mun verða tekið í notkun í vor. Heitir það Hnoðraholt, um 11 ha að stærð.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar

## Hnausplöntur seldar

Síðan árið 1980 hefur félagið haft umsjón með rúmlega 1000 ha landsvæði innan hinnar svonefndu „Höfuðborgargirðingar“. Hún nær frá Hraunsvík vestan Hafnarfjarðar, um Kaldársel og þaðan austur í Heiðmerkurgirðingar, síðan um Mosfellsheiði og ofan Mosfellsdals yfir á Kjalarnes og eftir því allt að Kjósarheppi. Innan þessarar girðingar er öll lausaganga búfjár óheimil.

Á þeim hluta þessa svæðis, sem óbyggður er innan lögsögu Hafnarfjarðar hefur Skógræktarfélagið, auk sinna eigin gróðursetninga, látið fjölda landnema, bæði einstaklingum, félögum og skólum í té svonefndar landnemasplidur. Eru þær nú þegar orðnar á annað hundrad að tölu. Einstaklingar fá a.m.k. einn hektara og félög og skólar þrjá hektara. Félagið leiðbeinir spilduhöfunum og fylgist með þeim, lætur í té plöntur, áburð og aðra fyrirgreiðslu.

Nú hyggst félagið auka plöntusölu sína, enda er mikill fjöldi plantna í uppveiti í græðireit þess í Höfðaskógi. Verður þar bæði um að ræða skógarplöntur og garðplöntur. Þá má geta þess, að nokkuð hefur verið selt af hnausplöntum, en þær falla oft til, þegar verið er að grísjá eldri skógarreiti, sem oftar en ekki eru allt of þétt plantaðir frá byrjun.

Skógræktarfélag Skáta

## 2012

Áhugi er fyrir að fara að gróðursetja eftir hugmyndum um framtíðarskipulag svæðisins við Úlfjótuvatn.

Eins og allir sem fást við skógrækt vita eru flest tré gróðursett vegna komandi kynslóða. Skátahreyingin á Íslandi verður 100 ára árið 2012 og það eru ekki nema 20 ár þangað til. Vonandi verður á sem flestum stöðum hægt að halda upp á afmælið í skjóli trjáa.

Skógræktarfélag Árnesinga

## Gróskumiklir garðar

Í janúar hefur verið unnið að grísjun á Snæfoksstöðum í landi sem Selfossbær hefur þar á leigu. Grísjunin var í umsjá garðyrkjustjórans á Selfossi og framkvæmdastjóra Skógræktarfélagsins og var þetta byrjun á umfangsmeiri grísjun. Þessir reitir eru frá árunum 1958 og 1959. Afurðirnar verða fluttar að Selfossi og notaðar þar í nýja skógræktargirðingu, sem skólafólk á að gróðursetja í á sumri komanda. Flestir unglíngar á Selfossi hafa í meira en þrjátíu ár fengið tilsögn í skógrækt á Snæfoksstöðum og árangurinn kemur m.a. fram í almennum trjáræktaráhuga og gróskumiklum gördum á Selfossi

## Vandamál með geymslu bakkaplantna leyst á farsælan hátt.

Vel tókst til með geymslu birkiplantna s.l. vetur hjá okkur í Skógræktarfélagi Garðabæjar. Félagið stóð uppi með 100 bakka af birkiplöntum s.l. haust, sem ófært var að gróðursetja vegna þess hve lélegar þær voru. Tókum við það ráð að raða bökkunum þétt undir stór grenitré í garði einum. Þar höfðu plönturnar skjól, gott loft og raka. Komu plöntur þessar vonum frammar undan vetrarskjólinu. Nú eru umræddar birkiplöntur komnar niður í jörð, þar sem þeim var ætlað í upphafi.



Stormfallið grenitré í Hljómskálagarðinum í Reykjavík.

## Draumur Sigurðar

Ágústssonar hjá Skógræktarfélagi Stykkishólms er sá að ríkið láti einhverjar af þeim ónýttu eyðijörðum sem það á í hendur öflugustu skógræktarfélaganna. Margar þeirra eru eflaust ákjósanlegar skógræktarjarðir. Félögin myndu síðan sjá um að rækta þar upp skóg og sjá um skipulag og umhirðu jarðarinnar. Allt sem ríkið þyrfti að leggja til væri stuðningur við að koma upp aðstöðunni á staðnum.

*Það er styttra í það en Sigurður heldur að draumurinn rætist, því S.Í. barst bréf frá Landbúnaðarráðuneytinu þann 18. febrúar síðastliðinn þar sem þess er óskað að S.Í. tilnefni fulltrúa sinn í starfshóp sem á að semja reglur um afhendingu á landi til landgræðslu og skógræktar.*

## MYNDBAND UM SVEPPRÓT

Á líftæknideild Iðntæknistofnunar Íslands hefur nýlega verið gert fræðslumyndband um svepprót. Myndbandið er unnið sem stöðefni við rannsóknir á svepprót og svepprótarsveppum sem hafa verið unnar á stofnuninni á síðustu árum. Því er ætlað að veita almenna fræðslu um svepprót og gagnsemi hennar. Sigurbjörn Einarsson, jarðvegslíffræðingur gerði handrit að myndinni og annaðist gerð hennar og vinnslu. Myndbandið hefur fengið góðar viðtökur þar sem það hefur verið sýnt. Það er hins vegar ekki ætlað til almennrar dreifingar en félög eða aðrir áhugaaðilar um efnið geta fengið myndbandið til sýningar.

## Enn um Átakið

Könnun sem gerð hefur verið á afrakstri plöntunarinnar í Landgræðsluátakinu 1990 leiðir í ljós þá niðurstöðu að yfir 90% plantanna hafi lifað af fyrsta árið, sem er stórkostlegur árangur.

Fyrir Landgræðsluskógaátakið 1991 fór út eitthvað um ein milljón plantna. Árangurinn eftir árið í fyrra virðist ekki síður ætla að lofa góðu en eftir fyrsta árið, þ.e.a.s. skelli ekki á fimbulvetur á útmánuðum.

Þó skógræktarfélagin hafi borið hita og þunga ræktunarstarfsins þá hafa einnig önnur félagasamtök komið þar nálægt og er von okkar að svo verði áfram.

Bæjarfélög hafa einnig mörg hver séð sér hag í að vera með, því með þessu skapast ákjósanleg vinna fyrir unglinga á sumrin, auk þess sem þau eru að leggja grunn að framtíðar- útivistarsvæði komandi kynslóða.

Í ár hefur Skógrækt ríkisins gefið eina milljón plantna í átakið og til eru að auki um 200 þúsund plöntur. Það horfir því til góðs skógræktarárs í ár.

## Fréttir frá Hallormsstað

### Viðarframleiðsla

Nú hafa starfsmenn Skógræktar ríkisins á Hallormsstað hafið grisjun lerkiskógar sem gróðursettur var upp úr 1953. Viðnum verður flett í planku á Hallormsstað og þegar hefur borist pöntun á efni í panel sem nota á í skrifstofuhúsnæði Skógræktarinnar á Egilsstöðum. Þá ætlar einn aðili að sníða niður lerki, sem hefur verið í þurrkun í eitt ár, til að nota í parket. Það efni er úr 15 til 20 ára lerkiskógi. Fyrstu sýnin úr þeirri framleiðslu lofa góðu. Allt er þetta samt enn á byrjunarstigi, og prófa verður ýmislegt um eiginleika lerkisins til að finna í hvað það hentar.

### Trjásafn

Ef einhver skyldi ekki vita hvað trjásafn er, þá eru það lifandi tré, sérstaklega merkt, á ákveðinni gönguleið, þar sem er að finna upplýsingar um þau. Vísir er til að trjásafni, sem varð til upp úr aldamótum við tilraunir með ýmsar tegundir. Bætt hefur verið töluverðu í safnið gegnum árin. Nú stendur til að stækka það og gera það aðgengilegra fyrir almenning. Peningar til verkefnisins koma meðal annars úr Skógræktarsjóði Theódórs Johnsons.

### Nýtt tjaldsvæði

Stórhátíðir eins og tíðkuðust í Atlavík á árum áður heyrta nú sögunni til. Þær verða ekki teknar upp að nýju og í framtíðinni er ætlunin að Atlavík verði að fólkvangi. Þetta er samkvæmt skipulagi sem nú er tilbúið að nýju tjaldsvæði fyrir ferðamenn er verður staðsett fyrir innan og neðan bensínafgreiðsluna á staðnum. Þörfin fyrir stærra tjaldsvæði, sem getur tekið á móti þeim fjölda ferðamanna sem heimsækja staðinn á sumrin, hefur orðið brýnni með hverju ári. En þetta eru dýrar framkvæmdir með þeirri aðstöðu sem gerðar eru kröfur um í dag, og því óljóst hvenær af þessu verður. Undirbúningur þess verður þó hafinn í ár.



## Undirbúningur gróðursetningar

Í mörg horn er að líta eftir að fólk er búið að kaupa plöntur úr gróðrarstöð. Oft líður einhver tími áður en hægt er að gróðursetja plönturnar á endanlegum stað, en best er að reyna að gera það sem allra fyrst. Sé það ekki hægt þarf að búa þannig um plönturnar að þær verði ekki fyrir hnjaski, og að hitastig og raki á þeim sé hæfilegur. Berrótarplöntur, t.d. víðiplöntur, eru viðkvæmari en móbands- og pottaplöntur. Þær má geyma þannig að valinn er skuggsæll og raklendur staður með myndnum jarðvegi. Þar er stungin rás með stunguskóflu, 20 - 30 cm djúp, með lóðréttum vegg sem plönturnar eru síðan lagðar að og loks mokað yfir. Séu plönturnar vökvaðar reglulega og þess gætt að sól skíni ekki beint á þær, er hægt að geyma þær á þennan hátt í nokkrar vikur. Móbands- og pottaplöntur þarf sömuleiðis að geyma á skuggsælum stað, og gæta þess að vökva vel. Þær má geyma í umbúðunum en sé um fleiri en eina rúllu eða bakka að ræða þarf að raða þeim þétt saman og moka jarðvegi upp að jöðrunum. Með því móti á að vera hægt að geyma plönturnar í nokkra daga.

## Skógræktarfélag Borgarfjarðar 1 millj. kr.

S.l. haust varð sá stórviðburður í sögu félagsins, að það fékk úthlutað 1 millj. kr. úr Menningarsjóði Sparisjóðs Mýrasýslu. Þessi höfðinglega gjöf og sú viðurkenning á störfum skógræktarfélagsins. sem í henni felst, eflir félagið verulega og er hvatning til dáða.

Aðalfundur félagsins verður haldinn 4. apríl klukkan 14 í samkomusal Mjólkursamlagsins í Borgarnesi. Ólafur Njálsson mun segja frá Alaskaefniviðnum. Í vor er ráðgert að senda leiðbeinanda heim á bæi á félagssvæðinu ef áhugi reynist fyrir slíku. Þessum erindreka er ætlað að leiðbeina fólki með heimaræktun, leggja á ráðin um ræktun trjáa og runna til skjóls við híbýli manna; að auka þannig trjárækt í framhaldi af heimilisgörðum.

**Fræðslukvöld um trjárækt og heimilisgarða** verður í matsal Bændaskólans á Hvanneyri 19. mars kl. 21. Frummælendur verða Haukur Ragnarsson, Ágúst Árnason, Árni B. Bragason, Sædís Guðlaugsdóttir og Áslaug Traustadóttir. Veitingar og umræður á eftir. Fundurinn er öllum opinn.

## Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands. Mars 1992. 1. tölublað. 1. árgangur. Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands. Ábyrgðarmaður: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri. Ritstjórn og setning: Jón Pálsson. Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.



Björgvínssyni, starfsmönnum Skógræktarfélags Reykjavíkur. Öspin sem þau standa hjá er nokkurskonar „kennslutæki“ og hefur henni verið umplantað 5 sinnum, en dafnar þó vel.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu þessa blaðs:

**SJÓVÁLMENNAR**

**Vöruflutningamiðstöðin hf.**

